

Fréttabréf



7. ÁRGANGUR // 1. TÖLUBLAÐ // JANÚAR 2009

Ástandið í þjóðfélaginu

„Aukin og betri þjónusta“

- rætt við nýjan stjórnarmann FIT

Umsókn um orlofsdvöl

Tillaga uppstillingarnefndar



Bridge

Áfram heldur bridge-inn í Borgar-túni 30. Spilað verður á fimmtudögum 8. jan., 22. jan., 5. febrúar, 19. febrúar, 5. mars, 19. mars og föstudaginn 3. apríl.



Enn stækkar FIT

Eins og fram kemur í viðtali við Guðlaug Karlsson annarsstaðar hér í blaðinu hafa FIT og Múrarafélag Reykjavíkur sameinast. Það þarf ekki að fjölyrða um ávinning beggja félaganna af þessum samruna því á þeim 5 árum sem liðið hafa frá stofnun FIT hefur hagkvæmni stærðarinnar fyrir löngu sannað sig. Við bjóðum múrara velkomna í hópinn.

Út í bláinn

„Út í bláinn“ er ferðahópur FIT og Fagfélagsins og eru félagsmenn og fjölskyldur þeirra hvattir til að nýta sér ferðirnar sem eru þátttakendum að kostnaðarlausu – einungis þarf að koma með góða skapið og ævintýraþrána. Miðað er við að ferðir verði ávallt síðasta sunnudag mánaðarins fram til maí. Frekari upplýsingar fást á skrifstofunni í síma 535 6000.

Golfmót Samiðnar

Árlegt golfmót Samiðnar verður haldið í Öndverðar-nesi laugardaginn 13. júní n.k.

Rétt er að minna á að mótið er jafnframt innanfélagsmót aðildarfélaganna og ástæða til að hvetja þau til að nýta sér það. Félagsmenn FIT eru hvattir til að mæta og taka þátt. Nánari upplýsingar á heimasíðu Samiðnar, www.samidn.is



Fréttabréf FIT
1. tbl. 7 árg. janúar 2009

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000 - www.fit.is
Ábyrgðarmaður: Hilmar Harðarson
Prentun: Stafræna prentsmiðjan ehf.



Dagbókin 2009

Við vinnslu dagbókarinnar 2009 voru gerð mistök þannig að skipta varð um fyrstu síðuna. Hún tafðist því nokkuð en hefur nú verið send út til félagsmanna. Við biðjum félagsmenn að afsaka seinkunina og óþægindin sem hún kann að hafa valdið. Bókin er sem fyrr sérhönnuð til að halda utan um tímaskriftir þannig að félagsmaðurinn getir sjálfur skráð við hvað er unnið á hverjum degi, en einnig skráð vinnutíma og borið saman við launaseðil.

Eins og glöggir félagsmenn hafa eflaust tekið eftir hefur kvarnast úr samstarfi um útgáfu bókarinnar því einungis tvö félög standa að henni að þessu sinni.

Nýtt félagsskírteini

Fit hefur nú gefið út ný félagsskírteini sem allir félagsmenn eiga að hafa fengið í hendur. Nýja skírteinið er samskonar og gefið var út á síðasta ári, harðspjalda plast og vandað að allri gerð. Á skírteininu er sérstakt aðgangsnúmer sem gildir fyrir aðgang viðkomandi að orlofsvefnum og fyrir þátttöku í könnunum ef um þær verður að ræða. Aftan á skírteininu eru svo upplýsingar um skrifstofur félagsins. Skírteinið ætti alltaf að hafa meðferðis. Með því sanna menn félagsaðild sína á vinnustað eða fundum félagsins sé þess óskað en einnig opnar það aðgang að afsláttarkjörum sem FIT hefur samið um við sum fyrirtæki.



Afsláttarkjör fyrirtækja til félagsmanna FIT

FIT hefur samið um afsláttarkjör til félagsmanna við Ísleif Jónsson ehf., Sportís, Tengi ehf. og Vatnsvirkjann ehf. Hér að neðan eru upplýsingar um afsláttinn sem þeir veita. Framvísa þarf félagsskírteini til að afsláttur fáiist.

Ísleifur Jónsson ehf. - byggingavöruverslun

10% afsláttur

Draghálsi 14-16 Reykjavík
www.isleifur.is

Tengi ehf. - **10% afsláttur**

Smíðjuvegi 76 Kópavogur
www.tengi.is

Vatnsvirkinn ehf. - **15% afsláttur**

Smíðjuvegi 5 (grá gata) Kópavogur
www.vatnsvirkinn.is

Ástandið í Þjóðfélaginu

Enn virðist nokkuð í að botninum sé náð í þeirri miklu efnahagslæð sem íslenskt þjóðfélag er í um þessar mundir. Daglega heyrum við fréttir af ótrúlegum, siðlausum viðskiptum sem viðgengust í bönkunum þar sem þeir lánuðu stórar fjárhæðir til hlutabréfakaupa í sjálfum sér gegn veði í þeim sjálfum, allt til að falsa raunverulegt eigin virði. Við hljótum að spyrja okkur, er þetta löglegt? Hvernig má það vera að svona geti viðgengist mánuðum saman án þess að fjárlmálaeftirlitið lyfti fingri til aðvörunar. Fljótlega eftir hrúnið fóru að koma fréttir um pappírsfyrirtæki sem eftirlitið segist hafa verið með til skoðunar löngu áður en bankarnir hrundu. Er ekki að vænta neinnar niðurstöðu? Voru þetta eðlileg viðskipti eða var þetta lögbrot? Það er eins og enginn geti eða vilji upplýsa um hvert rannsóknnum miðar. Það eru flestir sammála um að Fjármálaeftirlitið hafi algerlega brugðist sínu hlutverki, er þá við því að búast að menn á þeim bæ séu tilbúnir að rannsaka þessar ávirðingar? Auðvitað er öllum ljóst að með því að upplýsa um óeðlilega eða ólöglega viðskiptahætti þá væri eftirlitið að segja að þeir hafi ekki staðið sig. Því hljótum við að spyrja hversvegna er ekki skipt um áhöfn þar á bæ. Þetta á reyndar við um alla sem áttu að gæta þess að þjóðin lenti ekki í þessu stórfellda skipsbroti. Hvar annarsstaðar í lýðræðisríki væri ekki búið að skipta um ráðamenn sem sigldu þjóðarskútunni svo rækilega upp á sker eins og hér hefur verið gert. Erlendir hagfræðingar hafa marg benti á að erlend fjármálafyrirtæki og fjárfestar munu ekki koma nálægt Íslandi meðan ekkert breytist. Og meðan ekkert breytist fá íslensk fyrirtæki eða bankar engin lán til framkvæmda, atvinnan dregst saman og fyrirtæki og heimili stefna hraðbyri í fjöldagjaldþrot. Það er ekki nóg að líta í eigin barm og segjast ekki ætla að hlaupast undan ábyrgð og sitja sem fastast. Stundum



verða menn nefnilega að axla ábyrgð með því að víkja. Við krefjumst þess að hagsmunir almennings verði hafðir í fyrirrími og sérhagsmunir, hvort sem þeir eru hjá embættis- eða stjórnmalamönnum, verði látnir víkja svo hér verði sem fyrst hægt að hefja alvöru uppbyggingu. Sú uppbygging verður að grundvallast á hagsmunum fjöldans, þ.e. hagsmunum launafólks. Jafnhliða hljótum við að setja á oddinn kröfuna um nýtt siðferði þar sem grundvallarreglur um rétta og ranga mannlega breytni eru hafðar að leiðarljósi.

ENDURSKOÐUN LAUNALIÐS KJARASAMNINGA

Nú eru hafnar viðræður um endurskoðun á launalið síðustu kjarasamninga. Ljóst er að það er erfitt verk sem þar er á ferð því sannarlega er staðan allt önnur og verri en menn væntu þegar skrifað var undir í fyrra. Forsvarsmenn atvinnurekenda hafa lýst því yfir að engar forsendur séu til launahækkana, heldur þvert á móti. Við blasir uppsögn samninga takist ekki að finna leið út úr vandanum. Bent hefur verið á að hugsanlega megi semja um að fresta til haustsins umsamdri launahækkun 1. mars og fresta jafnframt endurskoðun á launaliðnum að öðru leyti. Allt er þetta álitamál sem þarf að skoða mjög vandlega. En spurningin virðist snúast um hvort sé betra fyrir hreyfinguna að semja um frestun eða fá uppsögn samninga. Og þó ástandið sé vissulega slæmt hjá fyrirtækjunum má heldur ekki gleyma því að heimilin í landinu eru líka í mjög slæmri stöðu. Matvara hefur hækkað mikið, afborganir lána eru að sliga mörg heimili og tekjusamdráttur er mjög víða í formi minni yfirvinnu og reyndar líka í formi hreinna launalækkana. Mörg heimili eiga því mikið undir því að vel takist til og að kjarasamningar haldi.

Hilmar Harðarson, formaður FIT.



Heimsóknir á vinnustaði

Hilmar Harðarson formaður FIT hefur undafarið heimsótt vinnustaði og rætt við félagsmenn. Mikil og þung undiralda er í samfélaginu og fólk er almennt mjög reitt við þá sem fóru með stjórn fjármálafyrirtækja og ekki síður þá ráðamenn sem áttu að hafa eftirlit með þessum aðilum. Margir segja "okkur var sagt að okkur kæmi rekstur og ofurlaun bankanna ekkert við en svo kemur á daginn að við berum alla ábyrgð á

skuldum og sukki bankanna." Reiði manna er mikil og þarf að fá útrás. Margir eru líka hræddir við framtíðina, "mun ég halda vinnunni?" "Missi ég húsið mitt?" En það er líka bjartsýni í fólki, það er ákveðið að sigrast á þessum erfiðleikum. Framtíðin er vissulega dökk en ástandið gæti líka verið mikið verra. Við erum laus við hungur og stríð. Þjóðin er dugleg og hraust. Við munum vinna okkur út úr þessu.



Starfsfólk Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar, starfsstöð 2 við Rafstöðvarveg.



Smiðir ÍAV við störf á Norðurbakk-
anum í Hafnarfirði.



Starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur.



Hressir karlar í Skipasmíðastöð
Njarðvíkur.



Starfsmenn Kerfóðrunar í Straums-
vík glaðbeittir á svip.

Um gengni lýsir innri manni

Enn og aftur verðum við að minna á að leigugjaldið fyrir orlofsíbúðirnar fer að miklu leyti eftir því hversu mikið þarf að þjónusta íbúðirnar. Ef tekin væri upp sú regla að yfirfara hverja íbúð að leigutíma loknum, mundi það kalla á fleiri starfsmenn sem eingöngu sinntu því, en einnig yrði þá að hækka leigugjaldið verulega. Það er auvitað þannig að um er að ræða eignir félagsmanna og hverjum og einum sem leigir þessar eignir ber skylda til að ganga vel og snyrtilega um þær og þrifa eftir sig. Það er hinsvegar alls ekki svo. Allt og oft verðum við fyrir því að illa hefur verið skilið við íbúðirnar við brottför. Sumum finnst greinilega að eftir helg-ardvöl sé nægjanlegt að sópa yfir gólfín í stað þess að þvo þau eins og gerð er krafa um í leigusamningi. Margir sleppa því að strjúka yfir gluggakistur

og hillur þannig að þar safnast upp ryk, en verst er þó þegar fólk fer án þess að þrifa og skilur diskana óhreina eftir í uppþvottavélinni, þrífur ekkert og skilur jafnvel ruslið eftir í skápunum. Þannig viðskilnaður hefu mætt fólki sem kemur á föstudegi og ætlar að njóta helgarinnar. Við höfum nú farið útí að krefja fólk um viðbótargreiðslur ef illa er skilið við og loka á útleigu til þeirra sem verða uppvísir að slæmri umgengni. Upphæðin getur verið breytileg eftir umfangi þrifanna sem gera þarf, en hitt er líka ljóst að fari umgengnin ekki að lagast verður að taka upp eftirlit með tilheyrandi kostnaði. Nú skal það viðurkennt að svörtu sauðirnir í þessu sambandi eru lítill hluti leigutaka. Langflestir ganga mjög vel um og eru sér og félaginu til mikils sóma.



Um kosningar í embætti hjá FIT

Í 17. gr. laga félagsins segir: Fyrir aðalfundi ár hvert skal kjósa hluta stjórnar. Kosningu í embætti skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, ritari, fjórir meðstjórnendur og tveir varamenn en hitt árið varaformaður, gjaldkeri, fjórir meðstjórnendur og þrír varamenn. Jafnframt skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga árlega. Aðalstjórn félagsins er jafnframt stjórn sjúkrasjóðs. Uppstillinganefnd skal skila listum að framboðum fyrir 15. janúar ár hvert. Fyrir 1. febrúar skal kynna tillögur nefndarinnar og kosningafyrirkomulag í fréttabréfi. Félagsmenn geta boðið sig fram til einstakra embætta hafi þeir aflað sér 20 meðmælenda og skilað framboði fyrir 20. febrúar. Ef fleiri en ein tillaga kemur fram skal viðhöfð póstatkvæðagreiðsla. Ekki er í lögnum kveðið á um hvernig uppstillinganefnd skuli kosin, en frá upphafi hefur stjórn félagsins gert tillögu um hana til aðalfundar og hún starfað á milli aðalfunda.

Um kosningu í trúnaðarráð og samninganefnd segir í 20. grein félagslaganna:

Trúnaðarráð skal starfa í félaginu. Trúnaðarráð

gegnir hlutverki samninganefndar við gerð kjarasamninga. Í trúnaðarráði skulu eiga sæti, auk félagsstjórnar, 31 félagsmenn og 31 til vara, sem kjörnir eru á sama hátt og félagsstjórn. Skulu þeir númeraðir frá 1-62 og kjörnir þeir sem hafa oddatölu annað árið og jafna tölu hitt árið. Þeir skulu endurspegla sem flestar starfsgreinar og svæði félagsins. Auk þess eiga trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum sæti í ráðinu sem og þeir aðrir sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

21. GREIN LAGANNA FJALLAR UM KJÖRSTJÓRN OG ER EFTIRFARANDI:

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um atkvæðagreiðslur um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur samkvæmt lögum félagsins.

Tveir kjörstjórnarmenn og tveir til vara skulu kjörnir af aðalfundi. Vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar samninganefnd þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.



Jólaball FIT

Hið árlega jólaball var haldið í sal Ferðafélags Íslands í Mörkinni 6 þriðjudaginn 30. desember. Dansað var í kringum jólatréð og jólasveinarnir komu í heimsókn með góðgæti handa börnunum. Ágæt mæting var og skemmtu börnin sér hið besta. Á meðfylgjandi myndum má sjá hvernig eftirvæntingin og gleðin skein úr hverju andliti.



Samruni FIT, félags iðn- og tæknigreina og Múrarafélags Reykjavíkur tók gildi 1. janúar 2009. Guðlaugur Karlsson er nýr stjórnarmaður í FIT og fyrrverandi formaður Múrarafélags Reykjavíkur.

Aukin og betri þjónusta í sterku félagi

AF HVERJU ÁKVÁÐU MÚRARAR AÐ FARA Í SAMEININGU OG HVAÐ ÝTTI ÞEIM AF STAÐ?

Það er krafa nútímans að stéttarfélög séu stærri, sterkari og starfi á breiðari grundvelli en áður var. Þetta er búið að vera ákveðin þróun hjá okkur og við byrjuðum að ræða sameiningu við annað félag árið 2005. Múrarafélagið hefur alltaf staðið eitt og sér. Við vorum reyndar aðilar að ASÍ en hættum þar árið 1972 eftir að við uppfylltum ekki aðildarskilyrði þeirra. Þá stofnuðum við Múrarasamband Íslands ásamt nokkrum múrarafélögum á landsbyggðinni og það gekk ágætlega lengi vel. Múrarafélögin úti á landi hættu svo starfsemi eitt og eitt og félagarnir gengu þá inn í Múrarafélag Reykjavíkur eða önnur félög eftir að komið var á félagafrelsinu þar sem menn gátu farið í félög að eigin vali. Þessi þróun breytti öllu mynstrinu og smám saman varð Múrarasambandið áhrifaminna. Því voru við sameininguna aðeins tvö félög eftir, Múrarafélag Reykjavíkur og Akureyrar. Við fórum því að hugsa hvort að við ættum ekki að vera í nánu samstarfi með öðru og sterkara félagi til að vera í öflugri baráttu fyrir félagsmenn. Múrarafélagið var farið að gleymast við allskonar ákvarðanatökur á vinnumarkaðinum. Ef við skoðum t.d. kjarasamninga og hvernig MR kemur að þeim í dag þá er það þannig að það yfirleitt búið að semja við öll stærri

félögin þegar við komum að borðinu. Við höfum sem sagt lítið um það að segja í raun og veru. Við fórum því að líta í kringum okkur með hvaða aðila við gætum starfað.

HVERS VEGNA VARÐ FIT FYRIR VALINU?

Eftir að hafa skoðað FIT, félag iðn- og tæknigreina, urðum við ánægðir með þann kost. Fyrir voru þar málara, blikkara og pípara, allir í byggingageiranum, enda var svo samþykkt að við færum í þessa sameiningu við FIT sem ég tel mjög til bóta. Við ætlumst til þess að þetta skili okkur réttarbótum með sterkari sjóðum og þjónustu við félagsmanninn. Við teljum hag okkar því betur borgið inn í stærri félagsskap. Við öðlumst betri þjónustu stærra félags og fáum meiri áhrif á kjara- og réttinda mál. Þetta snýst fyrst og fremst um hag félagsmannsins.

HVENÆR VAR MÚRARAFÉLAGIÐ STOFNAÐ OG HVAÐ VAR ÞAÐ STÓRT?

Aðdragandinn var að árið 1901 var stofnað félag múr- og steinsmiða og sagan hófst þá. Það starfaði í nokkur ár en var slitið 1912. Múrarafélagið var svo stofnað þann 2. febrúar 1917 og varð því 90 ára árið 2007. Í félaginu voru þá um 50 manns og var þetta sameiginlegt félag fyrir múrara-



sveina og múrarameistara. Félaginu var breytt árið 1933 og varð eingöngu félag fyrir múrarasveina. Félagið var mjög öflugt á fyrri árum. Allt frá fyrstu tíð hefur þetta snúist um að halda kaupinu uppi og tryggja réttindi félagsmanna. Mælingarvinna hefur alltaf verið okkar stærsta mál. Á upphafs-árum félagsins var það helsta baráttumál múrara að efla mælingartaxtann og svo er enn í dag. Fyrir sameininguna nú í ársbyrjun 2009 voru um 300 félagsmenn.

HVERJAR HAFA VERIÐ HELSTU EIGNIR MÚRARAFÉLAGSINS ?

Við eignuðumst okkar fyrsta húsnæði á Freyjugötunni árið 1956, með Félagi íslenskra rafvirkja. Það áttum við lengi en síðan fluttum við í Síðumúl-

ann þar sem við byggðum skrifstofuhúsnæði. Við sameiningu átti félagið húsnæðið í Síðumúla sem við leigjum Iðnskólanum, og svo er það jörðin Öndverðanes í Grímsneshreppi sem félagið átti að hálfu með Múrarameistarafélagi Reykjavíkur, en þar erum við með orlofshúsin okkar. Jörðin var keypt árið 1968 og hefur verið í þróun alla tíð síðan. Við höfum verið að byggja upp mikla aðstöðu þar. Menn gátu sótt um lóð til leigu og byggt sér sumarhús. Fyrir lóðarleiguna hafa félögin síðan fjármagnað reksturinn á svæðinu. Þarna hefur byggst upp hverfi með um 300 sumarhúsum. Í upphafi voru þetta eingöngu múrarar en það hefur breyst með árunum og er nú opið öllum sem vilja þar kaupa sér sumarhús. Þetta er eitt alflottasta svæði á landinu og það trúa því fáir að í upphafi hafi lítið verkalýðsfélag farið af



stað með þetta. Félögin reka þarna mjög góða sundlaug, tjaldstæði og síðan var settur á stofn golfvöllur, sem í dag er rekinn sem sjálfstæður klúbbur. Við erum að stækka klúbbinn, klúbbhúsið og völlinn og er hann nú 18 holu völlur. Allir geta sótt um í golfklúbbnum og ákjósanlegt fyrir FIT félag að kynna sér möguleikana á svæðinu.



VAR SÁTT UM SAMEININGUNA MEÐAL FÉLAGSMANNA?

Það voru auðvitað ekki allir sammála um að fara út í þessa sameiningu við FIT. En það var kosið um þetta á lýðræðislegan hátt í félaginu og var samþykkt með um 70% atkvæða. Það voru tilfinningar meðal sumra vegna Öndverðaness en félagið gengur inn í FIT með helmings eignarhlut. Öll uppbygging þar hefur í gegnum árin verið unnin í gríðarmikilli sjálfboðavinnu og fannst sumum að við værum að gefa frá okkur verðmæti en gleymum því ekki að eignastaða FIT var í síðasta ársreikningi uppá eittþúsund og þrjúhundruð milljónir sem við fáum hlutdeild í. Öndverðarnesið hefur aldrei verið metið til fjár og í raun mjög erfitt að gera það. Við förum með þessa eign með okkur inn í FIT en að



sjálfsögðu verður að reka þetta svæði í sátt og samlyndi með meðeigandanum sem er Múrarameisterarafélag Reykjavíkur. Þetta hefur verið mikið tilfinningamál en ég tel að menn þurfi ekki að vera hræddir við breytingarnar. Það eru fyrst og fremst hagsmunir félagsmanna sem kalla á þessa sameiningu.

HVERJAR ERU VÆNTINGARNAR UM FRAMTÍÐINA Í SAMEINUÐU FÉLAGI?

Fyrir sameiningu þá var nokkur fjöldi af múrurum inni í FIT. Okkar hópur innan FIT er orðinn mjög stór þannig að það má segja að við séum með sameiningunni að sameina múrara. Félagsmenn munu fá betri þjónustu og greiðari aðgang að allri þeirri aðstoð sem þeir þurfa, til að mynda varðandi atvinnuleysi og launakröfur. Einnig eru sjóðirnir öflugri ekki síst sjúkrasjóður og svo opnast fjölmargir möguleikar til orlofsdvalar hérlandis og erlendis. Það er betri þjónusta, sérfræðipækking og möguleikar á öllum sviðum hjá stóru félögunum.



UMSÓKN UM ORLOFSDVÖL Á SPÁNI EÐA FERÐATILBOÐ SUMARIÐ 2009



Umsóknir sendist til Félags iðn- og tæknigreina, Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Fax 5356020 - Sími 5356000 - Tölvupóstur: orlof@fit.is

Hægt er að fylla umsóknina út og senda hana sem viðhengi í tölvupósti, með faxi eða pósti.

Nafn _____ Kennitala _____
Heimili _____ Póstnúmer _____
Vinnustaður _____ Sími (gsm) _____

TORREVIEJA Á SPÁNI

Verð fyrir íbúðina í Torrevieja er kr. 55.000 (lokaþrif innif.)

Íbúðin er einungis leigð til tveggja vikna í senn.

Verð fyrir flug til Alicante með Sumarferðum er kr. 49.800.

Flugvallarskattar eru innifaldir í verðinu.

Ekki er skilyrði að flogið sé út á vegum íslenskra ferðaskrifstofa.

VERÐDÆMI

1 í íbúð m.flugi	104.800 kr. á mann
2 í íbúð m.flugi	77.300 kr. á mann
3 í íbúð m.flugi	68.133 kr. á mann
4 í íbúð m.flugi	63.550 kr á mann
5 í íbúð m.flugi	60.800 kr á mann
6 í íbúð m.flugi	58.967 kr á mann

FERÐATILBOÐ SUMARFERÐA, PLÚSFERÐA EÐA ÚRVALS-ÚTSÝNAR

Að þessu sinni er boðið upp á 30 tilboðsferðir að eigin vali til einhvers af áfangastöðum Sumarferða, Plúsferða eða Úrvals-Útsýnar. Félagsmenn sækja um til félagsins og þeir sem fá úthlutað þurfa að greiða kr.5.000 fyrir staðfestingu á afslætti uppá kr. 35.000 Viðkomandi fær úthlutað afsláttarnúmeri sem hann í framhaldinu getur framvísað hjá ofangreindum ferðaskrifstofum eða notað beint á vef viðkomandi ferðaskrifstofu og nýtt sér þannig afsláttinn. Ferðatilboðið gildir í allar pakkaferðir ofangreindra ferðaskrifstofa á tímabilinu frá maí til loka september 2009.

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um annarsvegar Torrevieja á Spáni og hinsvegar ferðatilboð með Sumarferðum, Plúsferðum eða Úrvali-Útsýn. Merkið **með tölunni 1** sem fyrsta valkost en 2, 3, 4, 5 og 6 til vara.

Vika nr.	1	2	3	4	5	6	7
Upphafsdagur	20. maí	3. júní	17. júní	1. júlí	15. júlí	29. júlí	12. ágúst
Lokadagur	3. júní	17. júní	1. júlí	15. júlí	29. júlí	12. ágúst	26. ágúst
Torrevieja							

Ferðatilboð Sumarferða, Plúsferða eða Úrvals-Útsýnar	
--	--

UMSÓKNIR VERÐA AÐ HAFA BORIST TIL FIT Í SÍÐASTA LAGI 10.FEBRÚAR

Sjá nánar á www.fit.is – www.sumarferdir.is – www.plusferdir.is – www.uu.is

Upplýsingar um íbúðina á Spáni

Heimilisfang: El Molino, Calle Vial de Ronda, Tomillo y Plaza del Molino, Fase II, Torrevieja, Alicante Spánn, (5 hæð íbúð nr.9). Íbúðin er með tveim svefnherbergjum, salerni, eldhúsi, stofu og svölum. Svefnaðstaða er fyrir sex manns, hjónarúm, tvö stök rúm og svefnsófi í stofu. Í íbúðinni er allur búnaður í eldhúsi, þvottavél, sjónvarp, straujárn ofl.

ÍBÚÐIN ER Á EFSTU HÆÐ (5. HÆÐ). LYFTA ER Í HÚSINU.

Örstutt er niður á strönd og í stóra verslun þar sem hægt er að versla fatnað, húsgögn, matvörur og margt fleira. Þar við hliðina er keiluhöll, spilasalur, bíó, matvöruverslun og margir veitingastaðir.

Stutt frá íbúðarblokkinni er Evrópugarðurinn. Þar eru leiktæki fyrir börn, hægt að fara með nesti eða kaupa léttar veitingar.

Reglur um endurgreiðslu á húsinu í Orlando

Vegna þeirrar miklu fjarlægðar og kostnaðar sem er af ferð í orlofshúsið í Orlando reyndist nauðsynlegt að setja reglur um endurgreiðslu á húsaleigu þar.

REGLURNAR ERU EFTIRFARANDI:

- Sé afbókað áður en 8 mánuðir eru í leigu er haldið eftir 10% af leigu
- Sé afbókað síðar en meira en 6 mánuðir eru í leigu er haldið eftir 25% af leigu.
- Sé afbókað síðar en meira en 4 mánuðir er í leigu skal halda eftir 50% af leigu.
- Sé minna en 4 mánuðir í leigu er ekkert endurgreitt.

Endurleigist húsið allt afbókunartímabilið er endurgreitt allt nema 10% Endurleigist húsið hluta af afbókunartímabilinu eru 10% dregin frá og afgangurinn endurgreiddur hlutfallslega.

Í sólina með Úrvali-Útsýn, Plúsferðum eða Sumarferðum

FIT, í samvinnu við ferðaskrifstofuna Sumarferðir úrval útsýn og Plúsferðir býður félagsmönnum uppá 30 tilboðsferðir til einhvers af áfangastöðum ferðaskrifstofanna sumarið 2009.

Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að félagsmenn senda inn umsókn um afsláttarkjör til FIT fyrir 10.febrúar og verður úthlutað eftir punktastöðu félagsmanns í orlofssjóði, þ.e. sá sem hefur flesta punkta fær fyrst og svo koll af kolli.

Sá sem fær úthlutun verður að greiða 5.000 krónur fyrir 35.000 króna afslátt þannig að raunafsláttur er 30.000 krónur. Með staðfestingu frá FIT fer félagsmaðurinn til einhvers af ferðaskrifstofunum og framvísar plagginu og fær afslátt á ferð sem hann hefur pantað eða ætlar að panta til einhvers af áfangastöðum ferðaskrifstofanna.

Umsóknir skulu berast með tölvupósti á orlof@fit.is eða til skrifstofu félagsins að Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

UMSÓKNIR VERÐA AÐ HAFA BORIST TIL FIT Í SÍÐASTA LAGI 10.FEBRÚAR


Allar nánari upplýsingar hjá þjónustuskrifstofunni í síma 535 6000





Öndverðarnes

Með sameiningunni við Múrarafélag Reykjavíkur kom inn í orlofshúsaflórana nýtt orlofshús í Öndverðarnesi. Þetta er glæsilegt 64m² hús smíðað á árunum 2007 til 2008. Í húsinu eru 3 svefnherbergi stofa og eldhús, svefnaðstaða er fyrir 6 manns, auk barnarúms. Einnig er þar að finna flatskjá, dvd spilara, cd spilara, útlarp, örbylgjuofn, og borðbúnað fyrir 12 manns. Á veröndinni er heitur pottur og gasgrill. Í næsta nágrenni er sundlaug með heitum pottum og leiksvæði fyrir börn auk þess sem sparkvöllur er á svæðinu. Þá er einnig á svæðinu rekinn golfklúbbur með 18 holu velli og flottum golfskála. Það geta allir orðið meðlimir í þessum klúbbi og er hann rekinn alveg sjálfstætt á svæðinu. Svæðið er lokað með hliði á vetrartíma og þarf að hafa samband við umsjónarmann til að komast inn á svæðið, símanúmer hans er að finna í leigusamningi taki menn húsið á leigu.



Orlofsíbúðin í Vestmannaeyjum

Síðastliðið vor var lokið við að breyta skrifstofuaðstöðunni á Heiðarvegi 7 í orlofsíbúð. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til og er aðstaðan í dag stórglæsileg. Þarna er til staðar eldhús með öllum helstu tækjum og tólum ásamt rúmgóðri borðstofu og stofu í einu rými. Grill er á svölum. Svefnherbergi eru fjögur, þrjú með tvíbreiðu rúmi og eitt með einbreiðu. Einnig eru þvottavél og þurrkari inni á baði. Allar innréttingar, gólfefni, rúm og tæki eru ný. Íbúðin er boðin í vetrarleigu og hvetjum við félagsmenn til að nýta hana sem best.



TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR FÉLAGS IÐN- OG TÆKNIGREINA FYRIR AÐALFUND 2009

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM HLUTA STJÓRNAR TIL ÁRSINS 2011

Formaður: Hilmar Harðarson

Ritari: Sveinn Ingason

Meðstjórnandi: Georg Ólafsson

Meðstjórnandi: Gunnar Gunnbjörnsson

Meðstjórnandi: Vilhjálmur Gunnarsson

Meðstjórnandi: Ólafur Magnússon

Meðstjórnandi: Guðlaugur Karlsson
(frá Múrarafélagi Rvk. til 2ja ára)

Varamaður: Þorsteinn G. Kristmundsson

Varamaður: Davíð Ingi Baldursson

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM HLUTA TRÚNAÐARRÁÐS OG VARAMENN TIL ÁRSINS 2011

Aðalmenn:

1. Ólafur Hafsteinsson,
bifvélavirki, Hafnarfirði
3. Sigríður Runólfssdóttir,
húsasmiður, Selfossi
5. Hörður Jóhann Geirsson,
bifvélavirki, Reykjanesbæ
7. Gunnar Svavarsson,
málari, Hafnarfirði
9. Sigurður Hafliðason,
garðyrkjumaður, Reykjavík
11. María Steinmóðsdóttir,
húsasmiður, Hafnarfirði
13. Vignir Ólafsson,
málari, Reykjavík
15. Heimir B. Janusarson,
garðyrkjumaður, Reykjavík
17. Ágúst Friðriksson,
blikksmiður, Hafnarfirði
19. Hermann Halldórsson,
bifvélavirki, Kópavogi
21. Sigurður Einarsson,
vélvirki, Akranesi
23. Unnar Friðrik Sigurðsson,
vélvirki, Akranesi
25. Ásbjörn Árni Arnason,
smiður, Sandgerði

27. Gunnlaugur Hauksson,
málm. Reykjanesbæ

29. Ágúst Einarsson,
húsasmiður, Vestmannaeyjum

31. Brynjar Jónsson,
pípulagn., Reykjavík

33. Múrari (tilnefndur af MR)
(32 til 2010, Múrari tilnefndur af MR)

Varamenn:

35. Ingólfur Rögnvaldsson,
húsasmiður, Hellu

37. Ottó Örn Pétursson,
pípulagninganemi, Hafnarfirði

39. Jóhann Hermannsson,
bifreiðasmiður, Reykjavík

41. Viðar Huginsson,
málari, Reykjavík

43. Óskar Baldursson,
garðyrkjumaður, Hafnarfirði

45. Guðlaug F. Þorsteinsdóttir,
garðyrkjumaður, Reykjavík

47. Atli Hraunfjörð,
málari, Garðabæ

49. Jóhann B. Jónsson,
bifreiðasmiður, Reykjavík

51. Sigurður Gísli Karlsson,
iðnnemi, Reykjavík

53. Björn Gottskálksson,
stálsmiður, Akranesi

55. Ægir Magnússon,
vélvirki, Akranesi

57. Bjarni Árnason,
húsasmiður, Hafnarfirði

59. Jóhann Kristbergsson,
húsasmiður, Reykjanesbæ

61. Halldór Bjarnasson,
vélvirki, Vestmannaeyjum

63. Sigurður Gunnarsson,
pípulagningamaður

65. Múrari (tilnefndur af MR)
(66 til 2010 - Múrari tilnefndur af MR)

Auk þess eiga allir kjörnir trúnaðarmenn á vinnu-
stöðum sæti í trúnaðarráði FIT.

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR Á AÐALFUNDI 2009 UM KJÖRSTJÓRN TIL ÁRSINS 2010

Aðalmenn:

Tryggvi Bjarnason, *bifvélavirki, Reykjavík*
Kristinn Bjarnason, *bifvélavirki, Reykjavík*

Varamenn:

Sigurður Hafliðason, *garðyrkjum., Reykjavík*
Arnar Helgason, *húsasmiður, Hafnarfirði*

Þorsteinn Kristmundsson,
Drekavellir 24b, 221 Hafnarfirði
Helgi Ólafsson,
Skógarási 1, 110 Reykjavík
Ólafur Hafsteinsson,
Dvergholti 27, 220 Hafnarfirði
Hermann Guðmundsson,
Heiðarbæ, 110 Reykjavík
Kristján Geir Jóhannesson,
Efstahjalla 9, 200 Kópavogi

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR Á AÐALFUNDI 2009 UM FÉLAGSLEGA SKOÐUNARMENN REIKNINGA TIL ÁRSINS 2010

Aðalmenn:

Erlendur Eiríksson, *málari, Garðabæ*
Ólafur Hafsteinsson, *bifvélavirki, Hafnarfirði*

Varamenn:

Unnar Fr. Sigurðsson, *vélvirki, Akranesi*
Margrét Hálfánardóttir, *garðyrkjum., Reykjavík*

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND FESTU LÍFEYRIS- SJÓÐS ÁRIÐ 2009

Ólafur Magnússon,
Heiðargarður 24, Reykjanesbæ
Gunnlaugur Hauksson,
Hjallagötu 1, Sandgerði
Hlynur Kristjánsson,
Hlíðavegi 70, Reykjanesnesbæ
Ásbjörn Árnason,
Borgarbraut 3, Sandgerði
Logi Halldórsson,
Smáratúni 27, Reykjanesbæ
Sigurður Geirfinnsson,
Greniteig 23, Reykjanesbæ

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUND SAMEINADA LÍFEYRIS- SJÓÐSINS ÁRIÐ 2009

Hilmar Harðarson,
Grettisgötu 37, 101 Reykjavík
Tryggvi Arnarsson,
Hraunbæ 96, 110 Reykjavík
Sveinn Ingason,
Hólabraut 2, 220 Hafnarfirði
Ármann Ægir Magnússon,
Lyngheiði 24, 810 Hveragerði
Georg Óskar Ólafsson,
Grenimeil 22, 107 Reykjavík
Helgi Pálsson,
Miðhúsum 30, 112 Reykjavík
Guðlaugur Karlsson
Ofanleiti 19, 103 Reykjavík
Einar Þór Gíslason,
Fjörugranda 12, 107 Reykjavík
Vilhjálmur Gunnarsson,
Laugarbraut 13, 300 Akranesi
Gunnar Björn Gunnbjörnsson,
Melseli 4, 109 Reykjavík
Andrés Haukur Hreinsson,
Sjávargötu 22, 225 Bessastaðahreppi
Sveinn Jónsson,
Grundargerði 17, 108 Reykjavík

TILLAGA UPPSTILLINGARNEFNDAR UM FULLTRÚA Á ÁRSFUND A.S.Í. ÁRIÐ 2009:

Hilmar Harðarson
Tryggvi Arnarsson
Sveinn Ingason
Ármann Ægir Magnússon
Gunnar Björn Gunnbjörnsson
Vilhjálmur Gunnarsson
Ólafur Magnússon
Georg Óskar Ólafsson
Helgi Pálsson
Guðlaugur Karlsson
Sveinn Jónsson
Einar Þór Gíslason
Helgi Ólafsson
Þorsteinn Kristmundsson
Andrés Hreinsson
Ólafur Hafsteinsson
Kristján Þórðarson
Hermann Guðmundsson
Sigríður Runólfssdóttir
Logi Halldórsson



MIKILVÆG ÁKVÖRÐUN

GETUR MUNAÐ MILLJÓNUM

Taktu ákvörðun um að leggja fyrir í séreignarsparnað annars missir þú í rauninni af umsömdum kjarabótum. Vegna móttframlags launagreiðanda og hagstæðrar skattlagningar stenst enginn sparnaður samanburð við séreignarsparnað.

TIL LENGRI TÍMA LITÐ MUNAR MILLJÓNUM!

Kynntu þér þjónustu Sameinaða lífeyrissjóðsins á lifeyrir.is eða hringdu í síma 510 5000.



Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • Sími 510 5000 • lifeyrir.is